

KIRKJUGARÐARÁÐ

50. fundur haldinn 12. mars 2007 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjubings, Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð og Sigurgeir Skúlason starfsmaður ráðsins.

Gestur fundarins: Þórsteinn Gunnarsson arkitekt og formaður Húsafriðunarnefndar ríkisins.

1. Setning fundar

Fundur settur af formanni kl. 14:00. Afgreiðsla fundargerðar 49. fundar var frestað til næsta fundar.

2. Kirkjur Íslands

Þórsteinn Gunnarsson arkitekt og formaður Húsafriðunarnefndar gerði grein fyrir verkefninu Kirkjur Íslands. Húsafriðunarnefnd ríkisins, Biskup Íslands og Þjóðminjasafn Íslands standa nú að verkinu. Biskupsstofa kemur ekki að greinaskrifum. Fornleifavernd ríkisins tók þátt í útgáfu bindanna um Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæma og hefur jafnframt átt hlut að greinum kirkjum í bókunum um Eyjafjarðarprófastsdæmi. Gert er ráð fyrir 26 bindum og að verkinu ljúki 2012.

Þórsteinn gerði grein fyrir kostnaðaráætlun vegna verksins og tók sem dæmi útgáfu kirkna Eyjafjarðarprófastsdæmis sem koma út núna í vor. Gert er ráð fyrir rúmlega 11 milljóna króna kostnaði vegna skrifa höfunda. Þar í er innifalið framlag stofnana. Gert er ráð fyrir að allt verkið kosti um 200 millj. kr.

Nefndin lýsti ánægju sinni með yfirlit sem Þórsteinn dreifði á fundinum og kynningu hans. Ráðið óskaði eftir að gerður yrði samningur um verkið og það fengi nákvæma útreikninga á hvað gert væri ráð fyrir að Kirkjugarðaráð greiddi á hverju ári.

3. Framlag ríkisins til kirkjugarða 2006 - uppgjör

Þórsteinn Ragnarsson kynnti málefnið. Í byrjun síðasta mánaðar voru misvísanir varðandi upphæðina sem átti að fara til kirkjugarða. Það gleymdist að senda töluna fyrir 2006 frá fjármálaráðuneytinu, þannig að unnið var með rangar tölur. Hér skorti á nægilegt upplýsingaflæði milli aðilanna þriggja sem vinna að málinu (KGSÍ, Fjársýslan og Kirkjugarðasjóður). Samkvæmt fyrstu upplýsingum frá Fjársýslu ríkisins var ekki dregið frá kirkjugörðunum það sem átti að draga. Við nánari athugun kom í ljós að Fjársýslan hafði dregið þetta frá og greitt nettó upphæð. Fjársýslan byggði uppgjórið á rangri tölu. Það vantaði 2,4 millj. kr. upp á töluna

sem unnið var út frá. Auk þess sagðist Fjárslan hafa greitt brúttó, en hafði greitt nettó (ca 3,5 millj. kr. mismunur).

Garðarnir 59 sem fengu ranga upphæð fengu það sem þeir áttu rétt á að frádreginni skuld frá 2005.

Nú verður óskað eftir að endurskoðendur Fjárslu ríkisins fari yfir málið.

Nauðsynlegt er að kanna af hverju þeir fengu ranga upphæð frá fjármálaráðuneyti og af hverju starfsmaður Fjárslu ríkisins greiddi nettó, en sagðist hafa greitt brúttó.

Líklega er farsælla að umsýsla þessara mála fari á eina hendi þar sem ferlið virkar ekki eins og það er núna.

4. Hjarðarholt í Dölum – ágreiningur sóknarnefndar og ábúenda

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir málinu sem snýr að ósamkomulagi um greiðslu vegna framkvæmda. Framkvæmdastjóri og prófastur munu ræða við aðila málsins og verður gerð grein fyrir málinu á næsta fundi.

5. Námskeið á Löngumýri í Skagafirði um málefni kirkjugarða

Smári gerði grein fyrir málefninu. KGSÍ hefur boðað alla presta, prófasta og kirkjugarðastjórnir í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi þar sem gerð verður grein fyrir málefnum kirkjugarða. Þór Hjaltalín minjavörður mun taka þátt í fundinum.

6. Næsti fundur

16. apríl kl. 13:00.

7. Önnur mál

a) Spurt út í fundargerð 49. fundar.

b) Spurt út í bréf frá síðasta fundi vegna óskar um legstað í fornum kirkjugarði. Bréfið var ekki farið út.

Fundi slitið kl. 14:30.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari